

Nd.

35. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjéraða o. fl.

Flutningsmaður: Sigurður Gunnarsson, þm. Snæf.

1. gr.

Hnappadalssýsla og syðsti hreppur Snæfellsnessýslu skal vera eitt læknishjérað og heita Hnappdælahjérað. Í hjéraði þessu er: Kolbeinsstaðahreppur, Eyjarhreppur, Miklaholtshreppur og Staðarsveit. Læknissetur skal vera í austanverðum Miklaholtshreppi.

2. gr.

Þá er Hnappdælahjérað verður lækni skipað, skal sú breyting ger á Borgarneshjéraði, að það taki eigi lengra vestur en að Hítará, á Stykkishólmsbjéraði, að til þess liggi ekki Miklaholtshreppur, og á Ólafsvíkurhjéraði, að það taki ekki lengra austur sunnanfjalls en á mörk Staðarsveitar og Breiðavíkurhrepps.